

Útgjaldatrygging

1. *gr. Inngangur*

Vátrygging þessi er trygging vegna tímabundins starfsorkumissis sem gefin er út í tengslum við greiðsluþjónustusamninga vátryggingartaka (banka eða sparisjóða) við einstaklinga. Grundvöllur vátryggingarsamningsins er

- skilmálar þessir,
- sameiginlegir skilmálar félagsins eftir því sem við á,
- undirrituð yfirlýsing vátryggðs við tryggingartöku,
- önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar

2. *gr. Gildistími og aldurstakmörk*

Vátryggingin gildir frá útgáfudegi, að hámarki til 60 ára aldurs vátryggðs. Félagið vátryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára.

3. *gr. Endurnýjun og uppsögn*

Vátryggingin endurnýjast á aðalgjaldþingi til eins árs í senn, hafi vátryggingartaki eða félagið ekki sagt henni upp einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins/aðalgjaldþingi. Falli greiðsluþjónustusamningurinn af einhverjum ástæðum niður, fellur vátryggingarsamningurinn jafnframt niður frá sama tíma.

4. *gr. Skyldur vátryggðs á vátryggingartímanum*

Tilkynna ber skriflega sérhverja breytingu sem kann að verða á búsetu vátryggðs. Félagið mun í þeim tilvikum dæma um hvort vátryggingin skuli gilda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum. Dveljist vátryggður erlendis í meira en hálf ár í senn, er félaginu heimilt að segja upp vátryggingunni fyrirvaralaust.

Vanræki vátryggður að tilkynna um slíka breytingu, leysist félagið úr ábyrgð samkvæmt ákvæðum laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Falli vátryggingin niður eða iðgjald breytist vegna áhættubreytingar, endurreiknast iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

5. *gr. Vátryggingin bætir*

Félagið greiðir bætur vegna starfsorkumissis, að lágmarki 50%, sem vátryggður verður fyrir af völdum slyss eða sjúkdóms.

6. *gr. Bætur vegna starfsorkumissis*

Valdi slys eða sjúkdómur vátryggðum tímabundnum missi starfsorku, greiðir félagið mánaðarlegar bætur inná greiðsluþjónustureikning vátryggðs, að loknum 6 mánaða bóttalausum tíma, í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi var á slyssdegi eða upphafsdegi sjúkdóms í þann tíma sem starfsorkumissirinn varir, að hámarki í 12 mánuði.

Félagið metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Við 100% starfsorkumissi greiðast mánaðarlegar bætur að fullu en við minni starfsorkumissi, 50% eða meiri, sami hundraðshluti bóta og starfsorkumissirinn er metinn. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

7. *gr. Takmarkanir á ábyrgð félagsins*

Vátryggingin bætir ekki afleiðingar af völdum:

- slysa sem vátryggður kann að verða fyrir af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis
- slysa sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþóttum
- slysa sem verða við fjallaklifur, bjargsig, hnefaleika, glímu- og bardagaíþróttir, akstursíþróttir, fallhlífarstökk, froskköfun og teygjustökk

- slysa sem verða í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda. Sama gildir um slys sem verða í svif- og drekaflugi
- slysa sem váttryggður verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og/eða fíkniefna eða í ölæði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins
- slysa sem verða vegna stórkostlegs gáleysis váttryggðs
- slysa sem verða vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs
- slysa eða sjúkdóma sem beint eða óbeint má rekja til ástands váttryggðs fyrir töku váttryggingarinnar
- slysa eða sjúkdóma sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu eitur- eða nautnalyfja
- sjúkdóma sem orsakast hafa af notkun áfengis, deyfi- og eiturlyfja.

8. gr. Bótalaus tími

Með bótalausum tíma er átt við það tímabil frá slysdegi eða upphafsdegi sjúkdóms sem samkvæmt skírteini, skilmálum, eða endurnýjunarkvittun, á að líða, áður en bótagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir bætur.

9. gr. Ráðstafanir vegna slyss eða sjúkdóms

Váttryggðum ber að leita læknis strax og starfsorkumissir hefur orðið, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð. Bætur greiðast ekki til lengri tíma en eins árs aftur í tímann áður en beiðni um bótagreiðslur barst félaginu.

10. gr. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð er valin fjárhæð sem tilgreind er á yfirlýsingu váttryggðs við tryggingartöku, eða við endurskoðun samnings, og er sú fjárhæð sem kemur til greiðslu inn á greiðsluþjónustureikning váttryggðs að teknu tilliti til staðgreiðslu skatta.

Séu fleiri en einn aðili tryggður á sama greiðsluþjónustureikning, þá má summa valinna váttryggingarfjárhæða aldrei vera hærri en sem nemur mánaðarlegum greiðslum inná reikninginn.

Skilmálar nr. AA146

Gilda frá og með 01.1.2004